

4. gr.

Við færslu afladagbókar skal tilgreind dagsetning, nákvæm staðsetning veiðisvæðis, afls og dýpi í hverju togi. Enn fremur skal allur aukaafli skráður nákvæmlega.

5. gr.

Kolmunnasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stk. af kolmunna sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík eða útbúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

6. gr.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til kolmunnaveiða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum leyfisbréfa til kolmunnaveiða og ákvæðum laga og reglugerða sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til kolmunnaveiða.

7. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála. Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag þjónustusvæðis við Tjaldvatn á Landmannafrétti, Holta- og Landsveit.

Sveitarstjórn Holta- og Landsveitar samþykkti deiliskipulag þjónustusvæðis við Tjaldvatn á Landmannafrétti á fundi sínum 6. júlí 1998. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Holta- og Landsveit, 4. ágúst 1998.

F.h. sveitarstjórnar Holta- og Landsveitar,

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.